

## **Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri**

### **1. gr.**

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er sjálfstæð skjalavörslustofnun, sem lýtur yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar og faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Lögheimili þess er á Akureyri.

### **2. gr.**

Héraðsskjalasafnið á Akureyri starfar samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Umdæmi safnsins er Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandahreppur.

### **3. gr.**

Hlutverk safnsins er:

- Að annast söfnun og varðveislu skjala og skjalasafna skilaskyldra aðila á starfssvæðinu skv. lögum um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 með áorðnum breytingum og gildandi reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994.
- Að sjá til þess að skráning skjala fari fram og skrárnar séu aðgengilegar notendum.
- Að safna og taka við einkaskjalasöfnum sem hafa sögulegt gildi frá einstaklingum, fyrirtækjum og félögum og sem ætla má að geti varðveitt fjölbætta mynd af sögu héraðsins.
- Að hafa eftirlit og umsjón með að skilaskyldir aðilar fari að lögum og reglum Þjóðskjalasafns um skjalavörslu sveitarfélaga og veiti leiðbeiningar þar að lútandi.
- Að halda opnum lestrarsal fyrir almenning og leiðbeina notendum um heimildir og notkun skjalanna.

### **4. gr.**

Akureyrarkaupstaður er rekstraraðili safnsins, en þau sveitarfélög sem að safninu standa, sbr. 2. gr., leggja til rekstrarfé í hlutfalli við íbúafjölda skv. manntali 1. desember næstliðins árs. Akureyrarkaupstaður annast innheimtu á framlagi hinna sveitarfélaganna í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun. Reikningar Héraðsskjalasafnsins á Akureyri skulu fylgja uppgjöri bæjarsjóðs Akureyrar og hlíta sömu reglum og aðrir reikningar kaupstaðarins.

### **5. gr.**

Stjórn Akureyrarstofu hefur umsjón með héraðsskjalasafninu í umboði bæjarstjórnar Akureyrar og annarra sveitarfélaga sem að safninu standa, og samþykkir fjárhagsáætlun héraðsskjalavarðar sem hefur á hendi daglegan rekstur og starfar skv. gildandi laga- og reglugerðarákvæðum. Ef fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir meiriháttar breytingum milli ára skal leita umsagnar hinna sveitarfélaganna áður en hún er samþykkt.

J.V.  
L. J.  
10.5.

**6. gr.**

Samþykkt þessi, sem kemur í stað samþykktar frá 22.10.1996, öðlast gildi að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og sveitarstjórna Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps. Skal hún einnig lögð fyrir þjóðskjalavörð til staðfestingar. Hver samningsaðila um sig getur óskað eftir endurskoðun einstakra greina samþykktar þessarar.

Samþykkt af stjórn Akureyrarstofu 10. maí 2012.

F.h. Akureyrarkaupstaðar

F.h. Eyjafjarðarsveitar

F.h. Grýtubakkahrepps

F.h. Hörgársveitar

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps

The image shows five handwritten signatures in blue ink, each placed over a horizontal line. To the right of the signatures are several official seals. At the top right is the seal of the Akureyrar Bæjarstjórn (Akureyrar Municipality). Below it is the seal of the Eyjafjarðarsveit (Eyjafjardarsveit). Further down is the seal of the Grýtubakkahreppur (Grýtubakkahreppur). Below that is the seal of the Hörgársveit (Hörgarsveit). At the bottom right is the seal of the Hörgársveit (Hörgarsveit). The signatures are written in a cursive style.

Staðfest af þjóðskjalaverði

*Rek. 28. úr.  
2012*

*Pétur G. Jónsson*